

**Nd.**

**804. Lög**

um breyting á lögum nr. 37, 8. sept. 1931, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmsra ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski.

(Afgreidd frá Nd. 24. maí).

**1. gr.**

Síðari málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Til undirbúnings þessara framkvæmda og lánveitinga til fisksölufélaga,

sbr. 4. gr., má verja úr ríkissjóði allt að 100 þús. kr. á árunum 1932 og 1933, og er ríkisstjórninni heimilt að taka fé þetta að láni.

**2. gr.**

5. gr. laganna verði þannig:

Nú leigir fisksölufélag, sbr. 1. og 4. gr., sjálft skip til flutninga á ísvörðum fiski, og er þá ríkisstjórninni heimilt að taka ábyrgð á slíkri skipaleigu, allt að 200 þús. kr. samtals, gegn tryggingum þeim, er hún metur gildar.